



Námsáætlun

SPÆN2le05 – vorönn 2021 (fjar)

„Lestur og hlustun“

Kennari: Snædís Snæbjörnsdóttir (snaedis@fg.is)

Áfangalýsing og markmið:

Í þessum áfanga er að mestu lokið við innlögn grunnþátta málkerfisins, auk þess sem nemendur þjálfast í færniþáttunum fjórum, lestri, ritun, hlustun og tali. Nemendur lesa flóknari texta en áður svo sem skáldsögu, ljóð og dægurlagatexta og spreyta sig í auknum mæli á vinnu með rauntexta. Nemendur fræðast um sögu og menningu nokkurra spænskumælandi landa.

Í lok áfangans skal nemandi hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- fjölþættum orðaforða í samræmi við hæfni- og leiknivíðmið áfangans
- grunnatriðum málkerfisins
- mannlífi, menningu og siðum spænskumælandi landa

Nemandinn skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja frásagnir og umræður um kunnugleg efni þegar talað er hægt og skýrt
- fylgja fyrirmælum á spænsku í kennslustundum
- lesa og skilja margskonar gerðir texta og vinna úr þeim á mismunandi hátt
- beita helstu reglum um málnotkun á sem réttastan hátt í ræðu og riti
- beita viðeigandi námstækni í tungumálanáminu og nýta sér hjálpargögn
- nota sjálfstæð og viðeigandi vinnubrögð í tungumálanámi
- taka þátt í samræðum um afmörkuð undirbúin efni og um efni sem hann þekkir
- miðla upplýsingum um málefni sem hann hefur kynnt sér
- skrifa fremur stutta samfellda texta svo sem samantektir, endursagnir og frásagnir af eigin reynslu

Nemandinn skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- meðtaka daglegt mál, s.s. samræður og fjölmiðlaefni ef hann þekkir til efnisins og talað er skýrt
- tjá skoðun sína á lesnum texta og ræða við aðra af nokkru öryggi um efni sem hann þekkir vel
- miðla upplýsingum um undirbúið efni í ræðu og riti
- leysa úr viðfangsefnum einn eða í samstarfi við aðra og beita til þess viðeigandi mál- og samskiptavenjum
- hagnýta á mismunandi hátt efni ritaðra texta af ýmsum toga

Kennslugögn:

- *EN. Vocabulario. Elemental A1-A2.* Höf. M. Baralo, M. Genís og M.E. Santana. Útg. Anaya.
- *Lola Lago, detective. Lejos de Casa.* Höf. Lourdes Miquel og Neus Sans. Útg. Difusión.
- Verkefnahefti og annað efni miðlað í gegnum Innu.



- Mælt með spænsk-íslenskri orðabók og íslensk-spænskri orðabók frá Mál og menningu/Forlaginu, veforðabókunum snara.is og wordreference.com og málfræðibókinni *Correcto* (útg. Bjartur).

Vinnuáætlun:

Vika	Yfirferð	Próf /Verkefni	
1.-5. mars.	Þema 1: Spænskan þín. Námið og kennslustofan. EN-Voc.: kafli 7; Hefti og myndbönd.	Skilaverkefni: Kynning (Flipgrid)	Úrsagnar- eindagi 9. mars
08-12. mars	Þema 2: Mannlýsingar. Þátíðir.	Skilaverkefni (hlustun)	
15.-19 mars	EN-Voc.: 12, 14, 15. Hefti o.fl.	Skilaverkefni (ritun)	
22.-26. mars	Þema 3: Hátíðir. Upprifjun á tölum og tímasetningum. Húsnæði.	Skilaverkefni (tal) Lestur <i>Lolu Lago</i> hefst	
29. mars-6. apríl: Páskafrí			
7.-9. apríl	(þema 3 – framhald) Framtíð og skildagatíð EN-Voc.: kaflar 3, 4, 5, 6, 25	LL-1 Skilaverkefni (hlustun)	Miðannamat
12.-16. apríl	Greinar og myndefni um Día de muertos og fleiri hátíðir í Hefti og á netinu.	LL-2	
19.-23. apríl	Þema 4: Ástin, vonir og óskir. Kvikmyndir.	LL-3 Skilaverkefni (ritun)	
26.-30. apríl	Viðtengingarháttur, boðháttur og andlagsfornöfn. EN-Voc. k. 26 og ýmsar greinar, ljóð og lagatextar í Hefti og á netinu.	LL-4	
03-07. maí	Þema 5: Listir, tómsundur og íþróttir.	LL-5 Skilaverkefni (ritun)	
10.-14. maí	EN-Voc.: 37, 38. Ýmsar greinar og myndbönd í Hefti og á netinu.	LL-6	
17.-18. Maí	Upprifjun og munnlegt próf		

Próf eru 19. og 20 maí. Sjúkrapróf 21. maí.

Námsmat:

15% Munnlegt próf í annarlok.

15% Sex lesskilningsverkefni úr Lola Lago (fimm bestu gilda).

30% Ýmis skilaverkefni (hlustunarskilningur, ritun, tal, kannanir o.fl.).

40% Lokapróf: ritun, lesskilningur, málnotkun, orðaforði.

Athugið:

- Til að nemandi standist áfangann þarf hann að ná 4,5 í lokaprófi og 5,0 í lokaeinkunn.
- Prófum og verkefnum verður að ljúka á tilsettum tíma. Ekki er tekið við verkefnum eftir skiladag nema haft sé samráð við kennara fyrirfram og gildar ástæður liggi að baki.
- Áætlunin er ekki bindandi og getur breyst í samræmi við framgang á önninni.

Með von um farsæla önn og ánægjulegt samstarf!